



## Högni Friðriksson

### Reynsla

Ég útskrifaðist með B.Sc. í Sjúkraþjálfun 1996 og var sjálfstætt starfandi á Íslandi og í Þýskalandi til ársins 2001. Ég lauk MBA námi frá Duke University 2003 og starfaði lengst af við markaðs og stjórnunarstörf í USA til ársins 2022. Þá hóf ég aftur störf sem sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari á Ísafirði.

### Framboð til formanns

Þegar sjúkraþjálfarar eru búnir að vera samningslausir þetta lengi, rekstrargrundvöllur stofa verður erfiðara og erfiðari með almennum verðhækkunum er ekki gott að það sé sjálfkjörið í efsta embætti félagsins. Erum við tilbúin að stokka upp spiliin og nálgast sjúkraþjálfun á nýjan hátt? Þannig vil ég nálgast þetta vandamál, gamla kerfið er nánast ónýtt. Það er til dæmis of dýrt fyrir marga að byrja í sjúkraþjálfun og það er of ódýrt að halda áfram og vera í mörgum tímum á ári.

### Hæfni

Reynsla mín úr viðskiptalífinu nýtist vel í þessu embætti með því að beyta skarpari talnagreiningu og aðferðum úr markaðsfræði til þess að lyfta faginu upp og að sjúkraþjálfara uppskeri sanngjarnari þóknun fyrir sín störf.

### Áherslur

#### Kjaramál.

Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar hafa verið samningslausir síðan 2020 og kaup okkar er ekki í takti við þau verðmæti sem við sköpum fyrir samfélagið. Mér er ekki kunnugt um ástæður þess að ekki gengur að semja en gott væri að fá stefnu og markmið félagsins í þessum málum skýrar fram. Ef ég næ kjöri verður þetta aðaláherslan í mínu starfi sem formaður. Er viðskiptamódel sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara úrelt og er tími kominn til að skoða aðrar nálganir? Erum við tilbúinn að beita nýjum aðferðum til að ná samningum?

**Kynning á faginu.** Sérstaða sjúkraþjálfara á stoðkerfismarkaði í hugum skjólstæðinga okkar er óskýr. Við erum í samkeppni við marga aðra aðila eins og einkaþjálfara, kirópraktora, heilsunuddara og fleiri aðila og það vantar stefnumótum um hvaða stöðu við sækjumst eftir og viljum halda á þessum markaði. Er hún eingöngu að við erum inni í tryggingakerfinu eða hafa meiri skyldur og þar af leiðandi kostnað við að setja upp stofu?

### Tækniþróun

Lítill sem enginn tækniþróun hefur orðið á starfi sjúkraþjálfarans síðustu 20 ár. Við vinnum ennþá mjög mikið með handaflinu og ef ég næ kjöri sem formaður mun ég beita mér fyrir því að fá fram fleiri hugmyndir sem létta líkamlega vinnu sjúkraþjálfara og stuðla að aukinni sjálfvirkni.

[Hognif@mac.com](mailto:Hognif@mac.com) Sími 615 7672

